

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2014-2015

22. apríl 2015

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 28. apríl 2014. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar, 6. gr., skal ársfundur haldinn á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Af óviðráðanlegum orsökum náðist ekki að funda fyrir lok mars.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á ársfundi 2014. Stjórnina skipa: Rúnar M. Þorsteinsson, sem er formaður, Hjalti Hugason, sem er meðstjórnandi og varaformaður, og María Ágústsdóttir, sem er fulltrúi doktorsnema. Sólveig Anna Bóasdóttir er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

Fjárhagsstaða

Sjá fylgiskjal.

Málstofur

Eftirfarandi málstofur hafa verið haldnar á vegum Guðfræðistofnunar í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ frá síðasta ársfundi:

8. september. Fyrirlesari: Dr. Yvonne Sophie Thöne, stundakennari við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ vorin 2011 og 2012 ásamt haustinu 2014 (Erasmus) og vísindamaður í gamlamenteisfræðum við Háskólann í Kassel. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Animals in the Old Testament. „Like a Bear Robbed of Her Youngs ...“ – Theological Animal Imagery.*

29. september. Fyrirlesari: Dr. Anna Carter Florence, dósent í predikunarfræðum við Columbia Theological Seminary í Decatur í Bandaríkjunum og vígður prestur í bandarísku Öldungakirkjunni (Presbyterian Church). Yfirskrift fyrirlestursins var: *What Matters for the Daughters of Zelophehad: Preaching and the Forty Year Mark.*

6. október. Fyrirlesari: Dr. Gregory Aikins, kristniboði á vegum *Greater Europe Mission* og doktor í guðfræði frá Biblical Seminary, Hatfield í Bandaríkjunum. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Life Transformation Groups (Pílagrímafélagið) á Íslandi: Rannsókn í lærisveinabjálfun.*

17. nóvember. Fyrirlesari: Dr. Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Mörk mennskunnar.*

19. janúar. Fyrirlesari: Dr. Skúli S. Ólafsson, prestur í Íslensku Þjóðkirkjunni og doktor í guðfræði frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Altarisganga og kirkjuagi á lærdómsöld.*

9. febrúar. Fyrirlesari: Dr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og doktor í guðfræði frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Úr djúpinu – Sálgæsla og líknarþjónusta.*

2. mars. Fyrirlesari: Dr. Ninna Edgardh, prestur í Sænsku kirkjunni og prófessor í kirkjufræðum við Háskólann í Uppsölum. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Serenity Prayer Services – a Swedish 21st Century Phenomenon in Ecclesiological Perspective.*

23. mars. Fyrirlesari: Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra og stundakennari við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Friðslyndi og rétttrúnaður.*

13. apríl. Fyrirlesari: Dr. Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur í Íslensku Þjóðkirkjunni og doktor í guðfræði frá Ruhr-háskóla í Bochum, Þýskalandi. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Bonhoeffer: Trúartúlkun í myndugum heimi.*

Málþing

Málþing Guðfræðistofnunar var haldið 12. nóvember í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ, frá kl. 13-16. Yfirskrift málþingsins var: *Hvað er í deigluinni? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.* Fyrirlesarar, fastráðnir kennarar við deildina, voru sex talsins og gerðu þeir grein fyrir rannsóknum sínum, skv. eftirfarandi dagskrá:

Arnfríður Guðmundsdóttir: *Steinunn Jóhannesdóttir Hays: Prestur, læknir og kristniboði*
Gunnlaugur A. Jónsson: *Sem hjörturinn, þá hann þyrstur er. Slm 42-43 í ljósi áhrifasögunnar*
Hjalti Hugason: *Presturinn í íslenskum nútímabókmenntum*
Rúnar M. Þorsteinsson: „*En ef þú kallar þig Gyðing*“: *Samræða Páls við (mögulegan) trúskipting í Rómverjabréfinu 2*
Sigfinnur Þorleifsson: *Aðgát í nærveru sorgar*
Sólveig Anna Bóasdóttir: *Eitt, tvö, þrjú kyn: Þverfræðilegar hugleiðingar um óljóst kyn og óvenjulega líkama*

Málþingsstjóri var María Ágústsdóttir.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2014, hefti nr. 38 og 39.

Ritstjórn Ritraðarinnar við birtingu heftis nr. 38: Rúnar M. Þorsteinsson (ritstjóri), Gunnlaugur A. Jónsson og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Styrkur til birtingar Ritraðarinnar frá Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar fyrir árið 2014 nam alls 380 þúsund eða 190 þúsund fyrir hvort hefti.

Fjárhagur Ritraðarinnar hefur breyst með því að upp hefur verið tekin rafræn útgáfa og að Hugvísindastofnun greiðir nú kr. 190 þúsund með hverju hefti sem út er gefið. Í ljósi þessa hefur stjórn stofnunarinnar ákveðið að eftirleiðis skuli ritstjóra greiddar kr. 50 þúsund fyrir vinnu sína við hvert hefti. Það er fagnaðarefni að mögulegt sé að umbuna fyrir þetta hlutverk sem óhjákvæmilega krefst umtalsverðs vinnuframlags sem ekki er mögulegt að líta á sem hluta af fastri stjórnunarskyldu kennara.

Rannsóknarverkefnið 2017.is

Sjá skýrslu um starf verkefnisins 2014.

Trúarbragðafræðistofa

Sjá skýrslu um starf verkefnisins 2014.

Hugvísindabing

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem haldið var 13.-14. mars s.l. Að venju tóku starfsmenn Guðfræðistofnunar virkan þátt í Hugvísindapingi.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Reykjavík, 20. apríl 2015

Rúnar M. Þorsteinsson, formaður stjórnar

Hjalti Hugason, meðstjórnandi

María Ágústsdóttir, fulltrúi doktorsnema